




Leikskólinn Núpur

Starfsáætlun 2019-2020



EFNISYFIRLIT

1	Inngangur	4
2	Um leikskólann.....	4
	Leikskólinn, húsnæði, lóð og rými	4
2.1	Námskrá, stefna, uppeldislegar áherslur og skipulag	4
2.1.1	Sjálfstæði.....	4
2.1.2	Sköpun:	5
2.1.3	Samvinna:.....	5
2.1.4	Gleði:.....	5
2.2	Dagur í Núpi	5
2.2.1	Flæði.....	5
2.2.2	Snillikennsla	6
2.2.3	Meistaraverkefni.....	6
3	Starfsáætlun næsta leikskólaárs	6
3.1	Leikskólastarfið	6
3.1.1	Sérstakar áherslur	6
3.1.2	Markmið.....	6
3.2	Þróunar- og nýbreytni starf	6
3.3	Menningarviðburðir, ferðir, sýningar, hefðir og hátíðir	7
4	Starfsmenn.....	8
4.1	Starfsmannastefna.....	8
4.2	Áherslur í samstarfi svo sem handleiðsla, starfsmannasamtöl og móttaka nýrra starfsmanna	8
4.3	Samsetning starfsmannahópsins	8
4.4	Fundir	8
4.5	Skipulagsdagar	9
4.6	Símenntunaráætlun	9
4.7	Þátttaka í rannsóknum	9
5	Börn.....	9
5.1	Fjöldi barna	9
5.2	Aðlögun.....	9
5.3	Flutningur milli deilda	10
5.4	Sérkennsla.....	10
5.5	Útskrift	10
6	Foreldrasamstarf.....	10

6.1	Stefna og áherslur vegna foreldrasamstarfs.....	10
6.2	Foreldraráð	11
6.2.1	Starfsreglur foreldraráðs.....	11
6.2.2	Verkefni foreldraráðs.....	11
6.3	Þátttaka foreldra í leikskólastarfinu.....	11
6.4	Fræðsla og upplýsingar til foreldra	12
6.5	Foreldrafélag.....	12
7	Samstarf.....	12
7.1	Samstarf við grunnskóla.....	12
7.2	Samstarf við aðra	12
7.3	Nemar	13
8	Mat.....	13
8.1	Matsaðferðir	13
8.2	Matsaðferðir síðastliðins starfsárs og niðurstöður.....	13
8.2.1	Matsáætlun skólaárið 2018-2019.....	13
8.2.2	Mat deilda.....	13
8.2.3	Meistaramat.....	13
8.2.4	Starfsmannasamtöl.....	14
8.3	Mat á starfsáætlun síðastliðins starfsárs og niðurstöður	15
8.3.1	Umbótaáætlun.....	15
9	Öryggismál	16
9.1	Öryggisnefnd.....	16
9.2	Áfallaráð.....	16
9.3	Innra eftirlit.....	16
9.4	Slys	16
10	Lokaorð	17

1 INNGANGUR

Samkvæmt lögum um leikskóla 90/2008 vinnur leikskólinn eftir aðalnámskrá leikskóla. Í 5. mgr. 11. gr. Leikskólinn gerir síðan sína eigin skólanámskrá þar sem fram kemur hvernig leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem koma fram í aðalnámskrá. Leikskólinn gerir einnig starfsáætlun árlega þar sem gerð er grein fyrir starfsemi skólans, skóladagatali og öðru sem viðkemur starfseminni. Foreldraráð þarf að gefa umsögn um áætlunina áður en hún er tekin til samþykktar hjá leikskólanefnd Kópavogs.

Hér gefur að líta starfsáætlun Núps og er hún hugsuð sem leiðarvísir fyrir komandi leikskólaár. Þar koma fram einkunnarorð leikskólans og helstu áherslur í starfi byggðar m.a. á umbótaætlun sem unnin var upp úr endurmati.

2 UM LEIKSKÓLANN

LEIKSKÓLINN, HÚSNÆÐI, LÓÐ OG RÝMI

Leikskólinn Núpur stendur við Núpaland 3. Hann er 733 m² að flatarmáli og flatarmál lóðar er 4077m² á grunntekningu, garðurinn var minnkaður lítið eitt árið 2002 en stækkaður við deildina Lund haustið 2005 þannig að hann er öðruvísi en grunntekning segir til um en flatarmálið sennilega nærri lagi. Núpur er fimm deilda leikskóli þar sem boðið er upp á sveigjanlegan dvalartíma. Tvær deildir eru fyrir fjögurra og fimm ára börn, tvær deildir fyrir tveggja og þriggja ára börn og ein deild fyrir 18 mánaða gömul börn. Kópavogsbær hefur unnið að því sl. ár að auka rými barna í leikskólum og hefur það farið úr 6,5 m² pr. barn í 7,5 m².

Í tengslum við verkefnið skemmtilegri leikskólalóðir er hafin undirbúningur að endurnýjun á útisvæði leikskólans. Búið er að greina hvað þarf að gera og er vinnan nú á teikniborði hönnuða.

Á leikskólaárinu 2018-2019 var áætlað að mála suð/vestur hluta leikskólans en í þeim hluta eru skrifstofur, eldhús, kaffistofa starfsfólks, fataherbergi barna, salerni og geymslur. Það náðist ekki alveg en vonandi verður það klárað á þessu skólaári 2019-2020.

2.1 NÁMSKRÁ, STEFNA, UPPELDISLEGAR ÁHERSLUR OG SKIPULAG

Námskrá leikskólans, 3. útgáfa, kom út vorið 2015. Námskrá hvers skóla á að vera lifandi plagg sem stöðugt þarf að endurskoða. Einkunnarorð leikskólans Núps eru „sjálfstæði og sköpun í samvinnu og gleði“. Í þeim felast áherslur og markmið leikskólans sem eru útfærð í samverustundum, snillikennslu, frjálsa leiknum og þeim vinnuaðferðum sem er beitt í skólastarfinu.

2.1.1 Sjálfstæði

Samkvæmt íslenskri orðabók þýðir það að vera óháður öðrum.

Við viljum:

- að barnið verði sjálfstæður einstaklingur sem þekki sín takmörk í samskiptum við aðra og finni möguleika sína til þróunar andlega og líkamlega.
- að leikskólinn skapi þær aðstæður að barnið geti sem mest valið sjálft þau viðfangsefni sem það vill fást við.
- að leikskólakennarinn hjálpi barninu til sjálfshjálpar þannig að það öðlist sjálfstæði.
- að börnin læri að takast á við ágreining á uppbyggjandi hátt þannig að allir verði sáttir.

2.1.2 Sköpun:

Samkvæmt íslenskri orðabók þýðir það að skapa, búa til.

Við viljum:

- að barnið verði skapandi og frjór einstaklingur sem sér möguleikana og telur að hindranir séu til að sigrast á.
- að leikskólinn skapi þær aðstæður að barnið fái notið sköpunargleði sinnar.
- að leikskólakennarinn styðji og styrki sjálfstæða sköpun barnsins þannig að það geti skapað á eigin forsendum í samvinnu og samskiptum við aðra.
- að umhverfið ýti undir og gefi tækifæri á skapandi hugsun og aukins hugmyndaflugs.

2.1.3 Samvinna:

Samkvæmt íslenskri orðabók þýðir það samstarf þar sem menn vinna saman og hjálpa hver öðrum.

Við viljum:

- að börnin læri að vinna saman.
- að barnið í gegnum samvinnu öðlist betri sjálfsþekkingu.
- að samskipti í leikskólanum miðist við samvinnu og samhjálp.
- að leikskólakennarinn hjálpi börnunum að vinna saman í að eiga góð samskipti.
- að leikskólakennarinn verði börnum góð fyrirmynd í samvinnu og samskiptum.
- að umhverfið í leikskólanum verði hvetjandi til samvinnu og samhjálp.

2.1.4 Gleði:

Samkvæmt íslenskri orðabók þýðir það ánægja, gott skap.

Við viljum:

- að leikskólastarfið verði gleðiríkt þannig að börnin njóti leikskólavalar sinnar.
- að leikskólakennarinn stuðli að því að viðhalda gleði barnsins í sköpun og leik.
- að leikskólinn stuðli að aukinni gleði í leik og starfi þannig að barnið læri að þekkja sjálft sig með glöðum og ánægðum hug.
- að gleðin í því sem barnið er að takast á við skipti meira máli en útkoman.

2.2 DAGUR Í NÚPI

07:30 – 09:00	Frjáls leikur
08:15 – 08:45	Morgunmatur
08:50 – 09:10	Samverustundir og ávextir á yngri deildum
09:30 – 09:40	Ávaxtastund eldri
09:40 – 10:00	Samverustundir á eldri deildum
09:10 – 12:00	Skipulagt starf / frjáls leikur / flæði/meistaraverkefni/snillikennsla
Á föstudögum söngstund í sal kl. 9.00 – 9.20 og útivera	
11:10 – 12:00	Hádegisverður: Hlaðborð á yngri deildum
12:00 – 13:00	Hvíld á yngri deildum
12:00 – 13:00	Hádegisverður: Hlaðborð á eldri deildum
13:00 – 13:15	Samverustund á eldri deildum
13:00 – 14:40	Útivera, frjáls leikur eða flæði
14:10 – 14:00	Samverustundir yngri deilda
14:20 – 15:00	Síðdegishressing yngri deilda
14:50 – 15:30	Síðdegishressing eldri deilda
15:00 – 16:30	Frjáls leikur
16:30	Leikskólinn lokar

2.2.1 Flæði

Í flæði fara börnin á þau svæði sem þau vilja leika sér á hverjum tíma. Börnin á Höfða og Brekku flæða saman og börnin á Hvammi og Þúfu flæða saman. Meginmarkið með flæði er að efla sjálfræði

barnanna, að þau hafi um það að segja hvar þau leika sér, með hverjum og hvaða viðfangsefni verður fyrir valinu.

2.2.2 Snillikennsla

Snillikennslan er á hringekjuformi. Hún fer fram í aldursskiptum hópum á milli kl. 9:10 og 9:40 á yngri deildum og 10 - 11:30 á eldri deildum frá september til maí. Fimm stöðvar verða í boði á eldri deildum en fjórar á yngri deildum og tengist hver stöð ákveðinni greind, sem eru tónlistargreind, rök- og stærðfræðigreind, líkams- og hreyfigreind, umhverfisgreind og rýmisgreind.

Börn fara í föstum hópum milli „greindar“ stöðva. Hver kennari fær ákveðna stöð sem hann vinnur að allan veturinn og raðast kennarar á stöð eftir áhugasviði og styrkleika hvers og eins. Með því að rótera börnunum milli stöðva fá þau jafnan aðgang að öllum kennurum deildanna og öllum greindum.

Sumarsnillikennsla fer fram úti í júní og er hún í formi flæðis. Öll börn leikskólans taka þátt í henni.

2.2.3 Meistaraverkefni

Meistarar er okkar heiti á elsta árgangi skólans. Þau eru meistarar í leikskólagöngu, hafa mikla reynslu og mikla þekkingu á því hvernig er að vera í leikskóla. Meistarar setjast niður með sínum kennurum u.þ.b. eina klukkustund í viku yfir veturinn og vinna ýmis verkefni sem kallast meistaraverkefni. Hver hópur meistara vinnur að meistaraverkefnum í u.þ.b. eina klukkustund í viku yfir veturinn. Verkefni eru m.a. fínhyfjaæfingar sem hjálpa þeim að hafa vald á skriffærum og félagsfærni æfingar sem hjálpa þeim að vinna í hóp og fara eftir fyrirmælum.

Í vetur fer hluti af vinnu meistara fram í Lindaskóla. Unnið er samkvæmt námskrá 5 ára barna

https://www.kopavogur.is/static/files/Leikskolar/leikskolar_5-ara-namskra.pdf

3 STARFSÁÆTLUN NÆSTA LEIKSKÓLAÁRS

3.1 LEIKSKÓLASTARFIÐ

Skólaárið 2019-2020 verður unnið með fjölgreindir og snillikennslu. Einkunnarorð leikskólans eru sjálfstæði og sköpun í samvinnu og gleði. Unnið er með einkunnarorð samkvæmt skólanámskrá.

Markmið einkunnaorðanna eru:

- að börnin verði sjálfstæðir einstaklingar sem þekkja eigin möguleika og takmörk
- efla sjálfsvitund og sjálfsöryggi barnanna
- efla skapandi starf í leikskólanum

3.1.1 Sérstakar áherslur

Sérstakar áherslur skólaársins eru „Fjölgreindir í leikskólastarfi“. Við vinnum út frá hugmyndum Howard Gardner um fjölgreindirnar. Einnig er sérstök áhersla lögð á sjálfræði barnanna þannig að þau hafi meira um það að segja hvað þau vilja gera, með hverjum og hvar.

3.1.2 Markmið

Markmið leikskólans er að börnin verði sjálfstæðir og skapandi einstaklingar sem kunna að vinna saman. Við leggjum áherslu á að vinna með sjálfræði barnsins og að efla það í sjálfhjálpar enda hjálpar það barninu við að standa með sjálfu sér og þekkja möguleika sína. Sjálfstæðir einstaklingar eiga auðveldara með að vinna saman og þeir sem hafa góða sjálfsmynd eiga auðveldara með að setja sig í spor annarra.

Í einkunnarorðum leikskólans „sjálfstæði og sköpun í samvinnu og gleði“ felast þessi markmið.

3.2 ÞRÓUNAR- OG NÝBREYTNI STARF

Haustið 2017 tók Núpur þátt í þróunarverkefni á vegum Kópavogsbæjar ásamt þremur öðrum leikskólum. Þróunarverkefnið kallast „Snemmtæk íhlutun í leikskólum Kópavogs“ og er verkefnastýrt af Ásthildi Bj. Snorradóttur talmeinafræðingi. Upphaflega var áætlað að verkefnið stæði í 12-18

mánuði. Verkefnið er enn í gangi og á eftir að vinna nokkra verkferla og lokaskýrslu og verður þeirri vinnu lokið í lok skólaárs 2019-2020. Nýjasta viðbótin við þróunarstarfið er Lubbi finnur málbein. Síðastliðin vetur vorum við í leikskólanum Núpi að kynna okkur Lubba og hljóðasmiðjuna hans en námsefnið um Lubba er málörvunarefni þar sem unnið er með máhljóðin eitt af öðru, hann æfir okkur í að tengja saman hljóð og undirbúa fyrir lestrarnám. Bækurnar voru keyptar inn á deildar og notaðar í samverustundum, sögurnar lesnar og tónlistin spiluð.

Með því var starfsfólkinu gefið tækifæri á að kynnast efninu og íhuga hvort, og þá hvernig við vildum nýta efnið í vinnu með börnunum. Ákvörðun var tekin um að taka Lubba-efnið í notkun enda hefur reynslan sýnt að þetta er námsefni sem er mjög gagnlegt í vinnu með börnum til að undirbúa lestrarnám og frekara nám til framtíðar.

Í vetur ætlum við að vinna markvissara með Lubba í leikskólanum, við munum læra og æfa hljóðin, viku eftir viku og syngja lögin saman á föstudögum í sameiginlegum söngstundum, hljóð vikunnar og vikunnar á undan.

3.3 MENNINGARVIÐBURÐIR, FERÐIR, SÝNINGAR, HEFÐIR OG HÁTÍÐIR

Hefð er fyrir því að Þjóðleikhúsið bjóði elstu börnum leikskólanna á höfuðborgarsvæðinu í leikhús. Í boði er ný sýning sem heitir Ómar orðabelgur eftir Gunnar Smára Jóhannesson.

Aðrar ferðir og viðburðir sem fyrirhugaðar eru:

- Grasagarðurinn fyrir eldri deildir í desember
- Hefð er fyrir því að foreldrafélagið bjóði upp á jólaleikrit
- Þjóðadagar allra þjóðarbrota í leikskólanum eru haldnir til gleði og fróðleiks
- Reglulega er farið í Bókasafn Kópavogs
- Hausthátíð, foreldrum boðið til garðveislu þar sem börnin buðu upp á súpu sem búin var til úr grænmeti sem þau höfðu ræktað.
- Karladagurinn er haldinn en þá er karlkyns aðstandendum barnanna boðið í skólann í morgunkaffi og söng.
- Gengið gegn einelti er samvinnuverkefni skólanna í hverfinu Núps, Dals og Lindaskóla.
- Dagur íslenskrar tungu, sagan um Búkollu sögð.
- Piparkökubakstur og málun í byrjun desember. Foreldrum er boðið í málunina.
- Litlu jólin haldin hátíðleg með sögu, söng og dansi. Jólasveinn í boði foreldrafélagsins mætir á svæði og einnig prestar Lindakirkju.
- 20 ára afmæli Núps verður haldið 10. janúar með vasaljósagöngu um hverfið, heitu kakói og kleinum úti í garði og foreldrum og öðrum velunnurum leikskólans verður boðið til veislu
- Þorrablót
- Öskudagsball: kötturinn sleginn úr tunnunni og svo flæði um allan skóla.
- Kvennadagurinn er haldinn en þá er kvenkyns aðstandendum boðið í skólann í morgunkaffi og söng.
- Opið hús í maí. Boðið verður upp á stöðvar bæði inni og úti þar sem börn og foreldrar leika saman. Í matsal verður vöfflusala en ágóði sólunnar fer í endurmenntunarsjóð starfsfólks.
- Sólstöðuhátíð í samvinnu við leikskólann Dal í júní. Börn og starfsfólk leikskólanna hittast í undirgöngunum við Fifuhvammveg. Leikskólarnir syngja hvor fyrir annan og svo bjóða leikskólarnir hvor öðrum í heimsókn í sinn garð til skiptis, þar sem við horfum á leikrit, grillum pylsur og leikum okkur. Sólstöðuhátíðin 2020 verður í garðinum í Dal.
- Afmæli barnanna eru haldin hátíðleg inni á deildum, þar sem börnin fá kórónu, sérstaka diska og glös á matmálistímum, bókabíó og dagurinn er gerður þeim minnisstæður.

4 STARFSMENN

4.1 STARFSMANNASTEFNA

Í leikskólanum Núpi er unnið eftir starfsmannastefnu Kópavogsbæjar, einnig er leitast við að:

- vera jákvæð, glöð og með húmorinn í lagi.
- vera fagleg í starfi með því að sýna ábyrgð og sinna skyldum okkar af virðingu.
- vera heiðarleg og hreinskiptin í samskiptum, tölum við en ekki um, hrósum og sýnum hvort öðru skilning.
- vera virk félagslega með því að spjalla saman daglega og hittast utan vinnutíma.

4.2 ÁHERSLUR Í SAMSTARFI SVO SEM HANDLEIÐSLA, STARFSMANNASAMTÖL OG MÓTTAKA NÝRRA STARFSMANNA

Í starfsáætlun fyrir skólaárið 2018-2019 var lagt upp með að leggja áherslu á vellíðan á vinnustað og góð samskipti starfsmanna á milli. Farið var í námsferð til Kanada með KVAN þar sem lögð var áhersla á að vinna með jákvæð samskipti, sterka liðsheild, hópefli og sjálfstyrkingu. Skólaárið 2019-2020 verður áfram unnið með þau verkfæri sem starfsmenn fengu í hendurnar og þau sameiginlegu markmið sem hópurinn setti sér.

Starfsmannasamtöl voru ekki tekin þetta árið þar sem leikskólastjóri var í veikindaleyfi. Starfsfólk var þó hvatt til að óska eftir samtali aðstoðarleikskólastjóra, deildarstjóra eða trúnaðarmann ef eitthvað sérstakt lægi því á hjarta.

Móttaka nýrra starfsmanna er þannig háttað að leikskólastjóri tekur viðkomandi starfsmann í stutt viðtal þar sem sem ráðningarsamningur er undirskrifaður og gengið frá öðrum pappírurum. Aðstoðarleikskólastjóri spjallar við starfsmanninn, sýnir honum skólann og fer með hann í gegnum megin þætti leikskólastarfsins. Þegar 3-4 vikur eru liðnar tekur deildarstjóri starfsmanninn í viðtal til að ræða hvernig honum líður í starfi og hvernig gangi, deildarstjóri tekur starfsmanninn í tvö viðtöl til viðbótar á fyrstu 3 mánuðum hans í starfi. Deildarstjóri kynnir fyrir starfsmanninum dagskipulag og vinnutilhögun deildarinnar og fer yfir punkta á viðtalsblaði.

4.3 SAMSETNING STARFSMANNAHÓPSINS

Úthlutuð stöðugildi í skólann eru 27 veturinn 2019-2020. Undanfarin ár hafa verið starfandi á bilinu 30-35 manns í mismunandi starfshlutfalli og má búast við svipuðum fjölda fyrir árið 2019-2020.

Í Núpi er stór hópur háskólamenntaðra og er hlutfall leikskólakennara og leikskólakennaranema í meistaranámi tæplega 50% af þeirri starfsþróun sem gefin er upp fyrir skólann. Ef við tökum allt háskólamenntað fólk er hlutfallið 60%.

Hlutfall karlmanna hefur aukist milli ára. Í vetur eru 4 karlmenn starfandi á móti tveimur sl. vetur. Aldur starfsfólks er frá 20 til 66 ára.

Veturinn 2019-2020 starfa við skólann fimm erlendir starfsmenn og eru þeir frá Lettlandi, Króatíu, Póllandi og Thailandi.

4.4 FUNDIR

Starfsmannafundir eru á skipulagsdögum skólans. Einnig er boðað til kvöldfundar ef efni standa til. Deildarfundir eru vikulega á eldri gangi og Lundi í 30 mín. deildirnar leysa hver aðra af vegna þeirra funda. Yngri gangur fundar aðra hvora viku í klukkustund.

Deildarstjórafundir eru 2., 3. og 4. mánudag í hverjum mánuði frá kl. 13:00-14:00.

Samráðsfundir leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra eru eftir þörfum hverju sinni.

Fagfundir eru fimm yfir veturinn.

4.5 SKIPULAGSDAGAR

Á skipulagsdögum verður meðal annars unnið að skipulagi fyrir veturinn, endurmati starfsins, símenntun og einstaklingsnámskrár gerðar.

Skipulagsdagarnir eru fimm verða:

- 16. september
- 21. nóvember
- 31. janúar
- 23. mars
- 22. maí

4.6 SÍMENNTUNARÁÆTLUN

Námskeið á vegum leikskóladeildar verða sótt eins og þörf, vilji og aðstæður leyfa hverju sinni.

Skipulagsdagar verða að hluta eða að öllu notaðir til endurmenntunar,

Nýliðanámskeið á vegum Kópavogsbæjar eru á haustönn og vorönn alls 6 skipti hvora önn.

Nýliðanámskeið á vegum leikskólans er haldið á haustönn

Námskeið fyrir nýtt starfsfólk í fjölgreindum eru haldin í janúar

Námskeið fyrir deildarstjóra á vegum leikskóladeildar, er haldið af Þekkingarmiðlun.

Á skipulagsdögum verða örnámskeið í fjölgreindum þar sem reyndir fjölgreindarkennarar leiðbeina þeim nýrri.

Nýir deildarstjórar fara á námskeið í TRAS

Námskeið í HLJÓM-2

Skyndihjálparnámskeið fyrir alla starfsmenn

Sérstök árhersla í símenntun fyrir skólaárið 2019-2020 verður að efla liðsandann og þetta starfsmannahópin og vinna úr öllum þeim gögnum sem fengin voru í námsferð skólans til Toronto vorið 2019.

4.7 ÞÁTTAKA Í RANNSÓKNUM

Leikskólinn hefur tekið þátt í ýmsum rannsóknum og mun gera áfram. Mjög algengt er að nemar í leikskólakennarafræðum, sálfræði, talmeinafræði o.fl. hafi samband og óski eftir því að leikskólinn taki þátt í rannsókn tengdu námi þeirra.

5 BÖRN

5.1 FJÖLDI BARNNA

Kópavogsbær hefur á undanförunum árum leitast við að auka rými barna í leikskólum Kópavogs. Í ár er síðasti áfanginn stiginn í aukningu rýmis pr. barn og fer fermetrafjöldinn úr 7,3 m² í 7,5 m².

Frá árinu 2015 hefur rými aukist um 1 m² pr. barn og því orðið fækkun í barnahópnum um 10 börn, úr 108 börnum í 98.

5.2 AÐLÖGUN

Gert er ráð fyrir að aðlögun nýrra barna hefjist um miðjan ágúst og ljúki um miðjan september. Í Núpi er þátttökuaðlögun, þar sem börn og foreldrar eru saman í þrjá daga í öllum stundum dagsins.

Á yngri deildum eru að jafnaði mörg börn að bíða eftir leikskólaplássi. Við tökum börnin inn í stórum hópum í einu (hópaðlögun) og geta allt upp í 10 börn verið í hverjum hópi.

Markmið aðlögunar er að:

- barnið tengist starfsfólki leikskólans og kynnist starfsemi.

- barnið kynnist herbergjaskipan leikskólans og fái að vita hvar skúffa þess og hólf eru.
- barn og foreldrar kynnist starfsfólki og börnum leikskólans.
- foreldrar þekki þá sem koma til með að taka á móti barninu og fái innsýn í starfsemi leikskólans.
- barn og foreldri upplifi leikskólalífið saman.
- foreldri fái yfirsýn yfir sem flestar stundir dagsins og viti hvað barnið hefur fyrir stafni á hverjum tíma.
- barnið kynnist hverri nýrri stund ásamt foreldri til að það finni sig öruggt í leikskólanum auk möguleika til umræðu heima.
- hin börnin og starfsfólkið á deildinni kynnist nýja barninu

Í tengslum við þróunarverkefnið Snemmtæk íhlutun í leikskólum Kópavogs hittir deildarstjóri alla foreldra nýrra barna áður en barnið byrjar í leikskólanum. Þar fylla foreldrar út pappíra varðandi almennan málþroska/boðskipti. Þannig getum við gripið til snemmtækra íhlutunar og vísað málinu til sérkennslu ef þurfa þykir.

5.3 FLUTNINGUR MILLI DEILDA

Flutningur barna milli deilda fer fram vikuna eftir sumarlokun leikskólans. Markmiðið er að börnin kynnist starfsfólki og börnum nýju deildarinnar og finni sig örugg þar. Foreldrum er boðið að taka þátt í aðlögun milli deilda.

5.4 SÉRKENNSLA

Markmið sérkennslunnar er að barnið geti notið leikskóladvalar sinnar og fái allan þann stuðning og örvun sem það þarf til þess. Lögð er áhersla á að öll sérkennsla fari fram í litlum hópum þannig að barn sem þarf á sérkennslu að halda sé ekki tekið eitt út úr hópnum. Sérkennslan er því fléttuð inn í allt starf leikskólans eftir þörfum sérhvers barns.

5.5 ÚTSKRIFT

Útskrift þeirra barna sem fara í grunnskóla er í lok maí. Farið er í útskriftarferð, börnin útbúa sér nesti sjálf. Þau fá bakpoka sem þau passa sjálf uppá í ferðinni. Haldin verður útskriftarveisla þar sem börnin baka köku, æfa sönglög eða leikrit og bjóða foreldrum sínum til veislu. Börnunum er afhent Bók barnsins og viðurkenningarskjal til staðfestingar á leikskólagöngu þeirra.

6 FORELDRASAMSTARF

6.1 STEFNA OG ÁHERSLUR VEGNA FORELDRASAMSTARFS

Stefna leikskólans Núps er að tengja saman heimili og skóla með góðum samskiptum við foreldra. Deildarstjórar senda foreldrum tölvupóst reglulega með pistli um starfið og það sem framundan er. Nýtt leikskólakerfi var tekið í gagnið á árinu og eru starfsmenn að læra á það s.s. myndir, tilkynningar o.fl.

Áherslur í samstarfi við foreldra eru:

- Að allir foreldrar finni sig velkomna í leikskólann.
- Að upplýsingar til foreldra séu sem greiðastar.
- Að foreldrar séu meðvitaðir um daglegt líf barnsins í leikskólanum.
- Að allir nýir foreldrar fái móttökuviðtal við deildastjóra og leikskólastjóra / aðstoðarleikskólastjóra áður en aðlögun hefst.
- Foreldraviðtöl við deildarstjóra eru tvisvar á árinu, í október og mars auk þess sem foreldrar geta fengið viðtal við deildarstjóra eða leikskólastjóra þegar þörf er á.

6.2 FORELDRARÁÐ

Í foreldraráði leikskólans Núps eru:

- Þrír til fjórir fulltrúar foreldra sem kosnir eru í atkvæðagreiðslu meðal foreldra á aðalfundi foreldrafélags Núps.
- Leikskólastjóri.
- Fulltrúi kennara sem kosinn er í atkvæðagreiðslu meðal kennara
- Fulltrúi starfsmanna sem kosinn er í atkvæðagreiðslu meðal annarra starfsmanna

Ráðið er kosið í september til eins árs í senn. Fundir í foreldraráði eru haldnir annan hvern mánuð yfir vetrartímann.

6.2.1 Starfsreglur foreldraráðs

- Leikskólastjóri kallar ráðið saman til fyrsta fundar fyrir 1. október ár hvert.
- Formaður og ritari ráðsins eru kosnir á fyrsta fundi ráðsins. Formaður ráðsins skal kosinn úr hópi foreldra.
- Foreldraráðið ákveður fastan fundartíma annan hvern mánuð á sínum fyrsta fundi.
- Aukafundir eru haldnir ef þurfa þykir.
- Ef tveir aðilar innan ráðsins óska eftir aukafundi skal boða til hans innan viku frá beiðni til formanns.
- Fundargerðir skulu birtar á vef skólans auk þess sem tölvupóstur er sendur á alla foreldra og starfsmenn með hlekk á síðustu fundargerð.
- Ráðið getur kallað til aðra foreldra eða starfsmenn á fund eða til að vinna ákveðin verkefni eftir þörfum hverju sinni.

6.2.2 Verkefni foreldraráðs

- Mat á leikskólastarfinu
- Þróunarverkefni
- Skólanámskrá
- Starfsáætlun
- Skóladagatal
- Vandamál tengd mannekle og öðrum starfsmannamálum
- Foreldrasamstarf
- Aðbúnaður barna og starfsmanna
- Stefna skólans
- Heimsíða skólans
- Sérkennsla

6.3 ÞÁTTTAKA FORELDRA Í LEIKSKÓLASTARFINU

Árlega er foreldrum og/eða forráðamönnum boðið að taka þátt í viðburðum á vegum leikskólans.

- Í september bjóða börnin foreldrum sínum á haustfagnað skólans þar sem boðið er upp á súpu sem gerð er úr grænmeti sem börnin hafa ræktað.
- Í október/nóvember er karladagur þar sem öllum feðrum, bræðrum og öfum er boðið að vera með okkur eina morgunstud.
- Við málum piparkökur saman eitt síðdegi í desember þar sem börnin bjóða fjölskyldu sinni að vera með.
- Í febrúar er kvennadagur þar sem öllum mæðrum, systur og ömmum er boðið að vera með okkur eina morgunstud.

- Öllum foreldrum og systkinum boðið í opið hús í maí þar sem börn og fullorðnir leika sér saman á stöðvum
- Í lok maí útskrifast meistaraformlega og er foreldrum og öðrum aðstandendum meistara boðið.

6.4 FRÆÐSLA OG UPPLÝSINGAR TIL FORELDRA

Þegar foreldrar hafa fengið úthlutað plássi fyrir barn sitt í leikskólanum eru þeir boðaðir í móttökuvíðtal. Þar hitta foreldrar/forráðamenn deildarstjóra og leikskólastjóra þar sem farið er yfir þær upplýsingar er skipta máli þegar nýtt barn byrjar í leikskólanum.

Aðrir fundir/kynningar eru:

- Kynningar á vetrarstarfi leikskólans eru í september.
- Aðalfundur foreldrafélagsins er í september/október.
- Deildarstjórar senda foreldrum reglulega smá pistil um starfið í tölvupósti.
- Öfréttir eru sendar í gegnum nýtt tilkynningakerfi Völu leikskólakerfi

6.5 FORELDRAFÉLAG

Foreldrafélag leikskólans kys sér stjórn á aðalfundi félagsins sem er boðaður í september eða október ár hvert. Stjórnin fundar einu sinni í mánuði. Foreldrafélagið er skemmtifélag og stendur fyrir uppákomum s.s. leiksýningum og sveitaferð o.fl.

Foreldrafélagið starfar sk. lögum félagsins og eru þau aðgengileg á heimasíðu leikskólans.

https://nupur.kopavogur.is/library/Files/Log-Foreldrafelags-leikskolans-Nups_2018.pdf

7 SAMSTARF

7.1 SAMSTARF VIÐ GRUNNSKÓLA

Samstarf við Lindaskóla hefur verið skipulagt í samvinnu Núps, Dals og Lindaskóla. Byrjað er á heimsókn meistara í Lindaskóla í október. Í nóvember koma fyrstu bekkingar í heimsókn í leikskólann. Unnið er skv. skipulagi sem allir skólarnir koma að.

8. nóvember er helgaður baráttunni gegn einelti í samfélaginu og ganga skólarnir að því tilefni saman um hverfið (tveir elstu árgangarnir í Núpi).

Dægradvölin er opin leikskólunum til afnota alla mánudagsmorgna og munu meistara nýta sér það. Samstarf skólastigana hefur verið mjög gott og aukist ár frá ári. Deildarstjórar Brekku og Höfða sjá að mestu leyti um samskiptin við Lindaskóla en leikskólastjóri Núps er einnig í samskiptum við skólastjóra Lindaskóla og Dals vegna samræmingar skipulagsdaga o.fl.

7.2 SAMSTARF VIÐ AÐRA

Mest samstarf á leikskólinn við menntasvið. Mjög gott samstarf er við leikskólafulltrúa, leikskólaráðgjafa, sérkennslufulltrúa og sérkennsluráðgjafa leikskóladeildar. Þá hefur sérkennslustjóri gott samstarf við sérfræðinga á vegum leikskóladeildar.

Samstarf við sérfræðinga vegna sérkennslubarna fer eftir aðstæðum og þörfum hverju sinni. Sérkennslustjóri sér að mestu um þessi samskipti.

Leikskólinn á einnig gott samstarf við leikskólann Dal meðal annars um sólstöðuhátíð o.fl. sem og Bókasafn Kópavogs m.a. um lestrarátak sem leikskólinn hefur staðið fyrir í samvinnu við bókasafnið og bókasafnsheimsóknir.

Leikskólinn á gott samstarf við þau svið bæjarfélagsins sem tengjast daglegum rekstri s.s. umhverfis- og fasteignasvið sem kemur að viðhaldi leikskólans og leikskólalóðar, stjórnarsýslusvið sem kemur að

launamálum og tækniþjónustu og velferðarsvið sem kemur að félagsþjónustu og velferð í barnaverndarmálum. Samskipti við þessi svið fara meira eða minna fram með rafrænum hætti.

7.3 NEMAR

Í Núpi eru tveir starfsmenn sem stunda nám á meistarastigi við Menntavísindasvið HÍ. Annar í leikskólakennaranámi og hinn er að sækja sér menntun í sérkennslufræðum.

Tveir vettvangsnemar voru hjá okkur sl. ár frá HÍ. Í vetur verður einn vettvangsnemi hjá okkur sem vitað er um. Tilkynning um nýja vettvangsnema berast okkur þegar líða tekur á veturinn og er því ekki ljóst hvort einhverjir nemar eiga eftir að bætast við.

8 MAT

8.1 MATSAÐFERÐIR

Árlega er starf leikskólans metið. Notaðar eru ýmsar matsaðferðir s.s. rafrænir spurningalistar til starfsfólks og foreldra. Meistaramat fer fram árlega en þá meta elstu börnin starfið í leikskólanum. Sameiginleg matsáætlun allra leikskóla í Kópavogi leit dagsins ljós skólaárið 2018-2019. Allir viðburðir skólans eru metnir jafn óðum og þeim lýkur og sjá deildarstjórar aðallega um það mat.

8.2 MATSAÐFERÐIR SÍÐASTLIÐINS STARFSÁRS OG NIÐURSTÖÐUR

8.2.1 Matsáætlun skólaárið 2018-2019

Unnið var samkvæmt samræmdri matsáætlun frá leikskóladeild. Matsþættir voru m.a. endurmat á jafnréttisáætlun, móttöku nýrra starfsmanna, stjórnendakönnun, námsviðið Heilbrigði og vellíðan o.fl.

8.2.2 Mat deilda

Misjafnt var milli deilda hvernig þær mátu vetrarstarfið. Í meginráttum má segja að almennt hafi faglega starfið og dagskipulagið gengið vel og ánægja var með nýtt fyrirkomulag á móttökuvíðtölum við nýja foreldra. Nokkrar athugasemdir komu frá deildum sem snéru aðallega að samvinnu. Samvinna hefur aukist á milli ára en þó eru enn nokkrir þættir sem þarf að endurskoða. Meira samtal þarf að vera á milli deilda þegar börn flytjast innan hús. Samræma þarf betur þau verkefni sem meistara (elstu barna) vinna og einnig verkefnavinnu á yngri deildum.

Í mati á námssviðinu heilbrigði og vellíðan kemur fram að langflestum þáttum er fullnægt í skólastarfinu en það sem helst er ábótavant er að börnin hafi fleiri tækifæri til að njóta næðis og upplifa vellíðan og slökun með vinum sínum. Einnig kom fram að með flæðandi matartíma hefur umræða um næringu og hvaðan maturinn kemur verið minni en áður.

8.2.3 Meistaramat

Spurningalisti var lagður fyrir 23 börn í elsta árgangi skólans. Spurt var um vini, ákveðnar stundir dagsins, leiksvæði og líðan í leikskólanum. Myndir voru notaðar til að leiða samtalið.

Öll börnin töldu upp þrjú eða fleiri börn sem vini sína og nánast öll börnin töldu að allir ættu góðan vin til að leika við. Nokkur börn nefndu barn sem það nefndi ekki sem hluta af sínum vinahópi sem skemmtilegast að leika við. Þegar spurt var hvort eitthvað barn stjórnaði eða vildi stjórna meira en önnur voru 11 börn nefnd og sjö af þeim oftast en einu sinni. Þau börn voru engu að síður nefnd af sömu börnum sem vini innan þeirra vinahóps.

Öllum börnum nema einu finnst gott að boðið sé upp á hafragraut og flest fá sér ef þau eru komin í leikskólann, það sama gildir um ávaxtastund sem börnunum finnst góð þó að þau hafi flest skoðun á því hvaða ávextir eru bestir.

Í frjálsum leik á milli kl. 8 og 9:30 er vinsælast að byggja úr lego og öðru kubbaefni. Í snillikennslu er salur (11) vinsælasta svæðið til að vinna á, rök og stærðfræði kemur svo (4) og öll hin svæðin eru nefnd sjaldnar. Öll svæðin eru svo aftur nefnd sem minna skemmtileg en þó sjaldan hvert, mörgum finnst allt skemmtilegt. Hlutverkakrökur er vinsælasta svæðið í ár í flæði (9) og er það nýmæli enda hafa holukubbar verið vinsælastir síðustu ár, salur kemur síðan fast á eftir (8).

Margir nefna hins vegar að erfitt sé að ganga frá eftir sig á kubbasvæðum.

Þegar kennari les bók (10) er oftast nefnt sem það sem er gaman að gera í samverustundum. Af þeim sem svara þegar spurt er hvort eitthvað sé leiðinlegt nefna fimm börn að syngja og þrjú að sitja lengi.

Þegar spurt er hádegismatinn og að fara á hlaðborðið eru öll börnin nema eitt sammála um það að fara í hlaðborð sé ýmist mjög gott eða skemmtilegt. Ástæðan sé að fá að gera sjálfur, fá að velja og skammta sjálfur á diskinn sinn. Soðin fiskur er oftast nefndur sem sá matur sem er bestur og einnig sá sem ekki þykir góður. Þau börn sem höfðu hugmyndir um hvernig mætti breyta matartímanum sögðu eftirfarandi; hafa stærra hlaðborð, hafa dúk, hafa oftast skyr og grjónagraut.

Flest börn hafa ánægju af að vinna meistaraverkefni, eitt var ekki viss um hvað það væri og þremur börnum fannst þau ekki skemmtilegt. Eitt barnið sagði að það væri rosalega skemmtilegt af því það þýddi að það væri að byrja í skóla. Þegar börnin voru spurð að því hvað þau langi mest að gera í meistaraverkefnum var oftast nefnt að heimsækja Lindaskóla, annað sem var nefnt voru ýmis verkefni sem þau hafa unnið í vetur með kennurunum.

Fjórtán börnum líður vel í fataklefa, einu barni finnst vont að bíða í of miklum fötum og tvö nefna að ekki megi vera mörg börn í einu í fataklefa. Börnunum finnst almennt gaman í útiveru og nefna fjölbreytt viðfangsefni sem skemmtileg en fótolti er oftast nefndur.

Þegar börnin eru spurð um líðan á salerni segjast 17 börnum líða vel þegar þau fara á salernið og tvö nefna að þeim líði ekki vel. Handþvottur finnst þeim nauðsynlegur og einu barni finnst gott að hafa kennara. Almennt finnst börnunum kaffitíminn fín og góður matur.

Flestum börnum finnst skemmtilegt að syngja í söngstund á föstudögum en þó nefna nokkrir að stundum séu læti og ekki sé gaman að syngja leiðinleg lög. Sérstakir dagar eru í fyrsta skipti nefndir (3) sem mjög skemmtilegir í söngstund.

Börnin eru almennt ánægð með afmælin í leikskólanum og er bókabíó, fá afmælisöng og að velja glas/disk það sem er það besta við í afmæli. Óvenju fáar tillögur komu að breytingu á afmælum og má kannski líta á að þetta sé fyrirkomulag sem hugnist þeim.

Þrjú börn mundu engu vilja breyta í leikskólanum ef það mætti ráða öllu en nokkrar tillögur um hverju mætti breyta komu fram. Þær hugmyndir voru matartengdar eins og að þurfa aldrei að borða lasagna og hugmyndir að breytingu á lóðinni s.s. að hafa enga girðingu og hafa rennibraut á miðri lóðinni.

17 börnum segja að þeim líði vel og/eða það sé gaman að koma í leikskólann á morgnanna, eitt segist vera feimið af því það sé lítið, einu finnst vont þegar mamma og pabbi eru að flýta sér og nokkur eru ekki viss.

17 börn segjast vera glöð og/eða líða vel þegar þau fara heim og yfirleitt vegna þess að eitthvað heima sem er spennandi tekur á móti þeim. Eitt barn vill ekki fara heim og segist fela sig.

Börnin nefna fjölbreytt viðfangsefni sem það skemmtilegast í leikskólanum og ekkert eitt sem stendur upp úr s.s útivera, fótolti, leira, lita, salur, fara í leiki og þegar Dagný danskennari kemur.

8.2.4 Starfsmannasamtöl

Síðasta vetur voru engin formleg starfsmannasamtöl sem lítaðist af því að leikskólastjóri var í veikindleyfi stóran hluta af vetrinum. Öllu starfsfólki var þó boðið að pantast viðtal ef þeim lægi eitthvað á hjarta og voru hvött til þess.

8.3 MAT Á STARFSÁÆTLUN SÍÐASTLIÐINS STARFSÁRS OG NIÐURSTÖÐUR

Umbótaáætlun síðasta árs stóðst að mestu leiti. Dagskipulag var einfaldað eftir samráð í faghóp og síðan aðkomu allra starfsmanna í hópum. Þær úrbætur sem þarf að gera á garðinum eru enn í vinnslu en tafir hafa orðið á því verki. Í endurmati deilda kemur fram að fólk er almennt ánæggt með faglega starfið og þeir hnökra sem urðu vegna mönnunar hafa verið bættir eftir bestu getu. Stuðningur deildarstjóra við starfsfólk var einn þáttur sem var ábótavant, búið er að endurmeta og yfirfara móttöku- og leiðbeiningarviðtöl og nú í haust hefur verið unnið að því að koma þeim viðtölum í framkvæmd við starfsfólk. Hrósönnun fór í loftið og var framkvæmd og sýna niðurstöður að starfsfólkið upplifir að því sé hrósað í vinnuumhverfinu. Eftir stendur að kynna niðurstöðurnar fyrir starfsfólkinu. Starfsfólk kallaði eftir meira hrósi frá stjórnendum og hvort öðru.

8.3.1 Umbótaáætlun

Til að skapa góðan skóla þurfa kennarar sífellt að skoða starf sitt og það var gert í Núpi sl. vetur eins og endranær. Hver þáttur skólustarfsins var endurmetinn – hvað gekk vel og hvað mætti betur fara, breytum og bætum og þróum starfið áfram.

Samkvæmt umbótaáætlun síðasta vetrar var í skoðun að fara í námsferð þar sem áhersla yrði lögð á vellíðan starfsmanna, liðsheild og jákvæð samskipti. Ferðin var farin með KVAN á vordögum og er úrvinnsla frá þeirri ferð hafin í formi hópavinnu þar sem unnið er með samantekt úr ferðinni, sameiginleg gildi o.fl.

Endurmat deilda: Í meginráttum má segja að almennt hafi faglega starfið og dagskipulagið gengið vel. Nokkrar athugasemdir komu frá deildum sem snéru aðallega að samvinnu. Samvinna hefur aukist á milli ára en þó eru enn nokkrir þættir sem þarf að endurskoða. Meira samtal þarf að vera á milli deilda þegar börn flytjast innan hús. Samræma þarf betur vinnu meistara (elstu barna) á milli Höfða og Brekku og einnig verkefnavinnu á yngri deildum. Þetta ætla deildarstjórar að taka föstum tókum í vetur og vinna að því að laga þessa þætti sem snúa að meira samtali.

Í mati á námssviðinu heilbrigði og vellíðan kom fram að langflestum þáttum er fullnægt í skólustarfinu en það sem helst er ábótavant er að eldri börnin fái fleiri tækifæri til að njóta næðis og upplifa vellíðan og slökun með vinum sínum. Við höfum nú þegar bætt inn í dagskipulagið jókastundum í hádegjunni fyrir þau börn sem það kjósa. Benda má á að erfitt getur verið að koma fleiri næðistundum í framkvæmd þar sem rými leikskólans býður ekki upp á það en faghópurinn mun leita lausna til að leysa það og taka umræðu um mikilvægi hvíldar eldri barna á fagfundi. Fram kom að með flæðandi matartíma hefur umræða um næringu og hvaðan maturinn kemur verið minni en áður og því mikilvægt fyrir okkur að finna þeirri umræðu farveg í daglega starfinu m.a. í samverustundum, tannverndarviku o.fl.

Meistaramat: Meistarar voru ánægðir með leikskólann sinn og fá umkvörtunarefni komu fram í meistaramati. Gaman er að sjá að þær breytingar sem við höfum gert á undanförunum árum falla vel í kramið hjá börnunum. Má þar nefna breytingar á fyrirkomulagi afmæla, flæðandi matmálistíma og fastar heimsóknir í Lindaskóla.

Í mati elstu barna kom fram að heimsóknir í Lindaskóla þykja eftirsóknarverðar og höfum við áform um að auka það samstarf í samvinnu við Dal og Lindaskóla.

Við höfum einnig áform um að leggja meistaramatið fyrir fyrir á skólaárinu til þess að niðurstöður um vini og vinala geti mögulega hjálpað þeim börnum sem við sjáum að eru mögulega vinfærri en önnur eða hafa ekki aðgang að þeim börnum sem þeim langar að kynnast betur.

9 ÖRYGGISMÁL

9.1 ÖRYGGISNEFND

Öryggistrúnaðarmaður er Sif Jónsdóttir, öryggisvörður er Svana Kristindóttir og Bryndís Baldvinsdóttir er hennar staðgengill.

Unnið er eftir áætlun um slysavarnir ef slys verða.

Á skipulagsdegi í vetur verður farið yfir rýmingaráætlun skólans.

Brunaæfingar verða gerðar með reglulegu millibili.

Nýtt áhættumat fyrir leikskólann var unnið veturinn 2018-19 ásamt því að starfsfólk fór yfir gátlista frá Vinnuumhverfisnefnd KÍ.

9.2 ÁFALLARÁÐ

Í Áfallaráði sitja ásamt leikskólastjóra, Bryndís Erla Eggertsdóttir og Sigríður Brynjarsdóttir.

Meginmarkmið áfallaráðs er að bregðast við og halda utan um þær aðgerðir sem fara í gang þegar áfall verður. Áfallaáætlun er í endurmati þetta skólaár.

9.3 INNRA EFTIRLIT

Daglega er farið yfir garðinn áður en börnin fara út til að tryggja að hann sé öruggur. Að sama skapi er tryggt öryggi á innileiksvæðum barnanna.

Daglegt eftirlit er einnig haft með þrifum á salernum barna sem og í eldhúsi.

9.4 SLYS

Öll slys sem verða í skólanum eru skráð í atvikaskráningakerfi Kópavogsbæjar.

Á síðasta skólaári urðu nokkur slys á börnum og starfsfólki.

Á skólaárinu urðu 12 börn fyrir slysi og voru þau öll minniháttar þar sem um var að ræða fall/hras og högg af/við hlut og barn fékk aðhlyningu að hálfu starfsfólks. Tvö tannslýs urðu þar sem foreldrar leituðu tannlæknis. Flest börnin eru börn á yngri deildum.

Einn starfsmaður varð fyrir slysi á vinnustaðnum, slysið varð með þeim hætti að barn hoppaði upp í fangi hennar og skallaði hana upp undir hökuna með þeim afleiðingum að hún fékk heilahristing og festur í kringum kjálka bólgnuðu. Hún var frá vinnu í nokkrar vikur. Slysið var tilkynnt til Vinnueftirlitsins, VÍS og Sjúkratrygginga Íslands.

10 LOKAORÐ

Haustið 2018 fór vel af stað. Fljótlega hallaði undan fæti og misstum við út þrjá starfsmenn í langtímaveikindi. Vel gekk að ráða í afleysingar og þrátt fyrir þetta, gekk starfið vel og starfsfólk hafði á orði í vor að starfið hafi gengið mun betur en veturinn á undan sem var erfiður. Stóran hluta vetrar fengum við aðsendan mat. Margt var látið bíða eða var frestað þar sem leikskólastjóri var í veikindaleyfi og eru það verkefni sem við sitjum uppi með klára næsta vetur ásamt öðru sem þarf að gera. Ótrúlega mörg ný verkefni hafa bæst við á herðar leikskólanna sem erfitt reynist að finna tíma til að vinna svo vel sé. Má þar nefna nýtt leikskólakerfi og heimasíðu, ný persónuverndarlög, ccq gæðakerfið, heimsmarkmið, barnasáttmálann, nýja verkferla um samræmt innra mat og nýja heilsustefna með heilsuþöðum og heilsuteymum. Sérlega vantar meiri tíma til samráðs og skipulagningar til að þessi nýju verkefni fái þann tíma og rými sem þarf.

Í upphafi skólaársins 2019-2020 er starfsfólk jákvætt fyrir komandi starfsár og horfir björtum augum til framtíðar.